



HRUNAMANNAHREPPUR

28. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

15. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 17. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar lagði oddvita fram dagskrárbreytingatillögu þannig að við bætist liður nr. 8. Erindi frá starfshópi um breyttan vinnutíma í Flúðaskóla. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Afréttarmálanefnd: Fundargerð 5. fundar frá 2. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 5. fundar Afréttarmálanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

2. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 12. fundar framkvæmdastj. frá 7. júlí.

Lögð fram fundargerð 12. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 229. fundar frá 8. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 229. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

Erindi til sveitarstjórnar:

4. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, tækifærisleyfi.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. um tækifærisleyfi-tímabundið áfengisleyfi fyrir Réttardansleik í Reiðhöllinni á Flúðum 9. september 2023 frá kl.21:00 til kl.02:30 aðfaranótt 10 september 2023.

Sveitarstjórn samþykkir umrætt leyfi.

5. Bréf frá stjórn Körfuboltadeildar Hrunamanna.

Lagt fram bréf frá stjórn Körfuboltadeildar Hrunamanna vegna íbúðamála fyrir þjálfara og leikmenn meistaraflokks á komandi tímabili.

Sveitarstjórn samþykkir að leigja körfuboltadeild Hrunamanna íbúðina að Vesturbrún 6 frá 1. september til 1. apríl 2024. Sveitarstjórn skilur þær

áskoranir sem körfuboltadeildin stendur frammi fyrir og mikilvægi deildarinnar fyrir íþróttalíf í Hrunamannahreppi en möguleikar til íþróttaiðkunar barna og ungmenna væru óneitanlega mun fábreyttari en nú er raunin ef deildarinnar nyti ekki við.

Sveitarstjórn gerir sér glögga grein fyrir því að húsnæðisskortur er mikill í sveitarfélaginu og gríðarleg eftirspurn eftir húsnæði. Vonandi munu nýjar íbúðir sem byggðar verða á næstunni geta mætt þeirri þörf.

6. Áskorun frá Kvenfélögum í Uppsveitum Árnassýslu vegna stöðu heilsugæslumála.

Lögð fram áskorun frá Kvenfélögum í Uppsveitum Árnassýslu vegna stöðu heilsugæslumála á svæðinu. Þar skora kvenfélögin öll sem eitt á stjórn HSU, allar sveitarstjórnir í Uppsveitum Árnassýslu, Landlæknisembættið, Heilbrigðisráðuneytið, heilbrigðisráðherra auk innviðaráðherra að þau taki öll höndum saman og vinni hratt og vel að öryggi íbúa, sumarhúsaeigenda og ferðaman með því að m.a. tryggja og verja stöðu heilsugæslunnar í Uppsveitum, fastráða lækna og tryggja bakvaktir þeirra og tryggja fasta viðveru sjúkrabíla og bráðaliða allt árið um kring.

Sveitarstjórn þakkar Kvenfélögum í Uppsveitum Árnassýslu fyrir mikilvæga áskorun en það er gott að íbúar á svæðinu láti sig málið varða. Sveitarstjórn vill jafnframt minna á að á fundi sínum þann 3. ágúst s.l. skoraði sveitarstjórn á stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) um að íbúum og gestum Uppsveita Árnassýslu verði tryggð eins góð bráðþjónusta og kostur er, sérstaklega í ljósi þess gríðarlega fjölda fólks sem hér dvelur daglega, allt árið um kring, bæði íbúar og ekki síður gestir svæðisins.

Í bókun sveitarstjórnar kom einnig fram að sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur afar mikilvægt að gott viðbragð sérhæfðra aðila sé til staðar í Uppsveitum Árnassýslu, að fyrsta viðbragð sé öflugt og að brugðist sé hratt og vel við þegar mínútur geta skipt sköpum.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skoraði á stjórnendur HSu að tryggja bráðþjónustu í Uppsveitum, þar mætti til dæmis nefna mögulega viðveru sjúkrabifreiðar og sérhæfðra sjúkraflutningamanna sem sinnt gætu fyrsta viðbragði en slíkt væri algjörlega nauðsynlegt ef að fyrirhugaðar breytingar á bakvöktum verða að veruleika.

Að lokum ítrekaði sveitarstjórn að öflug heilsugæsla væri afar mikilvæg hverju samfélagi og því nauðsynlegt að henni sé sinnt eins og lög gera ráð fyrir. Það er sveitarstjórn Hrunamannahrepps kappsmál að heilsugæsla í Uppsveitunum sé með þeim hætti að hún geti sinnt þörfum íbúa og gesta svæðisins með sem allra bestum hætti og að öryggi þessa stóra hóps sé þar með vel tryggt.

Sveitarstjórn hvatti síðan einnig stjórnendur HSu til að skoða þann möguleika að læknavakt verði í boði seinnipart dags hér í Uppsveitunum.

Sveitarstjóra er falið að ítreka fyrri skilaboð sveitarstjórnar við stjórnendur HSu.

7. Tillaga frá Skólanefnd að skóladagatali leikskólans.

Lögð fram tillaga frá Skólanefnd að skóladagatali leikskólans vegna styttingar vinnuvikunnar/betri vinnutíma. Skólanefnd hefur unnið að málinu í samvinnu við starfsmenn, leikskólastjóra, foreldra og sveitarstjóra. Niðurstaða að loknu samráðsferli er að Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að fullri vinnutímastyttingu á Leikskólanum Undralandi verði náð með því að leikskólinn loki alla föstudaga kl. 15:00 eins og verið hefur. Einnig verði leikskólinn lokaður 16 daga yfir árið og er sú lokun í samræmi við starfstíma Flúðaskóla.

Þessi aðgerð varðandi styttingu vinnuvikunnar er fram komin vegna fylgiskjals um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum sem lagt var fram með kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024. Í því fylgiskjali (b) (bls. 66-67) segir m.a. „Með árlegri uppsöfnun er hægt að stilla af skólastigin

hvað varðar starfs- og vinnutíma sem er mikilvægur þáttur í því að auka og halda jöfnu flæði á milli skólastiga sem er eitt af markmiðum laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Mikilvægt er að þær leiðir sem valdar eru til styttingar vinnutíma valdi ekki óhóflegu álagi á starfsfólk. Sérstaklega þarf að horfa til þess að hlutfall dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks hækki ekki samhliða styttingu vinnutíma og valdi þannig óhóflegu álagi án þess að brugðist sé við með rekstrarstýrandi aðgerðum af hálfu vinnuveitenda. Þær leiðir sem m.a. gætu haft áhrif til að sporna við aukningu á dvalartíma barna miðað við vinnutíma starfsfólks er að fækka árlegum vinnudögum starfsfólks, stytta daglegan meðal dvalartíma barna eða fjölga starfsfólki/stöðugildum."

Með þeim breytingum á starfstíma leikskólans sem hér er gerð tillaga um er jafnframt verið að koma til móts við þau ákvæði sem einnig koma fram í fylgiskjali kjarasamnings um samræmingu á starfsumhverfi annarra skólastiga.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt skóladagatal og þær tillögur að betri vinnutíma sem það hefur í för með sér. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um er að ræða tilraun þetta skólaár og felur Skólanefnd að meta hvernig til tekst og leggja tillögu að nýju skóladagatali og þar með betri vinnutíma fyrir sveitarstjórn tímanlega fyrir skólaárið 2024-2025. Með þessu móti vonar sveitarstjórn að Leikskólinn Undraland á Flúðum verði enn frekar en áður betri og eftirsóttari vinnustaður.

8. Erindi frá starfshópi um breyttan vinnutíma í Flúðaskóla.

Lagt fram erindi frá starfshópi um breyttan vinnutíma í Flúðaskóla þar sem óskað er eftir tveimur breytingum á núverandi skóladagatali Flúðaskóla 2023-2024. Óskað er eftir vinnutímastyttingu á réttardaginn eins og starfsmenn leikskólans og hafa skólann lokaðan þann dag. Einnig er óskað eftir að fá vinnutímastyttingu þann 11. október og hafa skólann lokaðan þann dag.

Sveitarstjórn samþykkir beiðni starfshópsins og þar með verður stytting vinnutíma tekin út á réttardeginum og þann 11. október sem áður var skipulagður sem starfsdagur. Frekari útfærsla á betri vinnutíma í Flúðaskóla bíður umfjöllunar Skólanefndar.

9. Minnisblað varðandi breytingar á fyrirkomulagi veitu- og framkvæmda.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra sem unnið er í kjölfar vinnu KPMG sem gerði úttekt á eignasjóði sveitarfélagsins, veitum (vatnsveitu, fráveitu/rotþróm, hitaveitu, ljósleiðarakerfi) og þjónustumiðstöð. Markmið úttektar KPMG var að skýra verklag og auka yfirsýn og umfang verkefna og meta hvar möguleg tækifæri til hagræðingar og skilvirkni liggja með það að markmiði að sveitarfélagið verði vel í stakk búið til að veita framúrskarandi þjónustu og takast á við framtíðar áskoranir.

Í minnisblaði sveitarstjóra eru lagðar fram tillögur um breytingar á fyrirkomulagi veitna- og framkvæmda. Ennfremur er lögð fram breyting á samþykktum um stjórn Hrunamannahrepps til fyrri umræðu, drög að erindisbréfi nýrrar Veitu- og framkvæmdanefndar og lagðar fram starfslýsingar veitustjóra og nýrrar stöðu yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála.

Helstu tillögur felast í því að Veitustjórn verður lögð niður og í staðinn verði til Veitu- og framkvæmdanefnd sem sjái um stefnumörkun og eftirfylgni verkefna á sviði eignasjóðs, hitaveitu, fráveitu, vatnsveitu, ljósleiðarakerfis, þjónustumiðstöðvar o.fl.. Starfi núverandi yfirmanns veitna og áhaldahúss verði breytt. Til verði starf veitustjóra annars vegar og yfirmanns eignasjóðs, áhaldahúss og úrgangsmála hins vegar.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa drögum að erindisbréfi nýrrar Veitu- og framkvæmdanefndar sem og starfslýsingum veitustjóra og yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála til Veitustjórnar til kynningar. Endanlegri samþykkt og síðari umræðu um breytingu á samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps er vísað til næsta fundar sveitarstjórnar sem fram fari eftir umfjöllun Veitustjórnar um málið.

10. Minnisblað varðandi snjómokstur, hálkueyðingu og götusópun frá 14. ágúst 2023.

Lagt fram minnisblað varðandi snjómokstur, hálkueyðingu og götusópun.

Sveitarstjórn samþykkir að bjóða út snjómokstur í dreifbýli Hrunamannahrepps í samvinnu við Vegagerðina.

Fjárhagsleg málefni:

11. Fjárhagsáætlun 2024 - yfirferð rekstrar og álagning fasteignagjalda.

Sveitarstjóri lagði fram aðalbók sveitarfélagsins fyrstu sjö mánuði ársins 2023 sem grunn að vinnu við fjárhagsáætlunargerð ársins 2024.

Einnig lagt fram yfirlit yfir álagningu fasteignagjalda miðað við óbreyttar álagningarforsendur vegna ársins 2024. Til samanburðar var sent út sambærilegt yfirlit fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar. En í næstu viku mun sveitarstjóri hafa samband við formenn nefnda og óska eftir því að þær hefji vinnu sína við gerð fjárhagsáætlunar í fyrrihluta september svo tillögur þeirra til sveitarstjórnar geti legið fyrir í lok september/byrjun október.

Skipan í nefndir og ráð:

12. Breytingar á skólanefnd.

Lögð fram tillaga að breytingu á nefndaskipan í Skólanefnd.

Erindi hefur borist frá Björgvini Viðari Jónssyni þar sem hann segir sig frá störfum í Skólanefnd af persónulegum ástæðum.

Sveitarstjórn þakkar Björgvini Viðari góð störf og skipar Elvar Harðarson aðalmann í Skólanefnd í hans stað og Sigurjón Snæ Jónsson til vara.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:04